

## Aldraðir – úreltir?

Á vinnustað mínum var nýlega verið að uppfæra tölvubúnað, og skildist okkur að brýna nauðsyn bæri til þess. Fyrir vikið kom í ljós að hugbúnaðurinn minn væri úreltur. Það sem hafði fram að þessu virkað alveg prýðilega var á einu augabragði gert ókleift að starfa. Mér var sagt að það væri ekkert hægt að nota hugbúnaðinn minn, ekkert hægt að púkka upp á hann, hann væri gersamlega ónýtur og eldgamall og endurnýja þyrfti allt heila klabbið. Hann var frá árinu 2003. Tölvumennirnir töluðu eins og hann væri frá Tertíer. Þegar runninn var mestur móðurinn af mestu uppfærslumönnunum kom á daginn að það dugði að haka við á einum stað og þá var allt sem fyrr – ekkert var úrelt.

Þannig virkar auðvitað nútíminn. Hlutir eru búnir til í því skyni að bila sem fyrst svo hægt sé að henda þeim og selja okkur nýja og nýja og nýja, allt þarf að endast illa svo að stórfyrirtækin geti í sífellu selt okkur nýjar og nýjar gerðir af sama hlutnum og látið eins og hann sér allsendis nýr. Stundum er eins og víglínan sé þarna, baráttan standi um þetta: að við sem enn eigum að heita manneskjur þrátt fyrir allt, látum ekki koma fram við okkur eins og úreltan tölvubúnað, látum ekki skipta okkur út á þeim forsendum að við séum með úreltan hugbúnað, bara vegna þess að við tölum ekki samkvæmt nýjustu tísku, án þess að stjórnendur taki tillit til þeirrar innsýnar í mannlegt atferli og mannleg samskipti sem einungis reynsla af þessu gefur okkur – og er ómetanleg. Að við fáum að halda áfram að gefa samfélaginu og meðborgunum eitthvað af okkur, eitthvað sem einungis við höfum fram að færa vegna þess að reynsla sérhverrar manneskju er einstök og ólík allra annarra í veröldinni – að við fáum að halda áfram að finna til þess að framlag okkar sé nokkurs virði en ekki úrelt – að við séum ekki eins og vélbúnaðurinn frá 2003.

Hvað er annars gamalt? Hvað er ungt? Hvað er aldur?

Jörðin er talin vera um það bil fjögurþúsund og fimm hundruð milljón ára gömul en maðurinn í einhverri mynd mun ekki vera nema sex til sjö milljón ára gamall. Nýjasta uppfærslan, Homo Sapiens, er ekki nema hundrað og fimmtíu þúsund ára gömul. Samt ekki kominn tími á nýja uppfærslu þar.

Sjálfur hlakka ég til að eldast. Þegar ég var krakki var ég á sumrin hjá afa og ömmu á Akureyri. Afi minn var fæddur árið 1882: það ártal er langt í burtu, fyrir mér er það næstum því sex til sjö milljón ára gamalt. Hann var á aldur við mig eins og ég er núna núna þegar seinni heimsstyrjöldin hófst - heimsstyrjöldin sem mér hefur alltaf fundist vera í einhverri annarri vídd. Allir hans dagar liðu ekki bara eins – heldur nákvæmlega eins, eftir að hann hætti seint og síðir með verslunarrekstur sinn, allt gerðist á sama tíma og umfram allt í sömu röð, og hann lagði meira að segja sama kapalinn alltaf á sama stað og sama tíma og spilin í sömu röð því að ég held að hann hafi ekki haft fyrir því að stokka. Hann las möggann sinn og Íslendingasögurnar og Almanak Þjóðvinafélagsins – alltaf í sömu röð. Hann þjónaði lund sinni, hafði sína hentisemi, borðaði alltaf kleinur og vínirbruð eins og mín seyðfirska amma kallaði það í kaffinu og var enda feitur eftir því. Hann varð samt níttú og sex ára gamall og dó pakksaddur og sæll. Hann var ekki mikið að segja gússí gússí við mig, á þeim árum tíðkaðist ekki að kalla börn sólargeisla og gullmola – ekki einu sinni rassgöt – hann söng fyrir mig ókindarkvæði og sagði mér að lesa Þjóðsögur Ólafs Davíðssonar en ætli hann hafi ekki þess utan yrt á mig svona þrisvar hvert sumar sem ég var þarna, og þá yfirleitt til að segja mér að taka eitthvað drasl upp eftir mig eða klára matinn minn. En eitthvað í fari hans olli því að ég hugsaði strax með mér sem barn að svona ætlaði ég að verða þegar ég yrði gamall. Hann þjónaði lund sinni. Ætli mér hafi ekki fundist hann vera frjáls.

Ég hlakka til að verða gamall. Ég hlakka til að þurfa ekki að vakna klukkan sjö á morgnana, þó að ég viti að vísu að þegar ég verð orðinn gamall mun ég ekki geta sofið neitt eftir klukkan sjö á morgnana. Ég hlakka til þess að bera ekki ábyrgð á öðru en þekkingu minni og vanþekkingu, ég held að því hljóti að fylgja einhvers konar frelsiskennd að eldast, einhver heiðríkja, haldi maður heilsunni. Ég hlakka til að láta sólina skína á vanga minn og kunna að njóta þess. Ég hlakka til að geta horft á börn að leik og dásaman almættið fyrir annað eins undur. Ég hlakka til að vera alltaf lengur og lengur að gera minna og minna, eins og móðir mín orðar það.

Hver er gamall og hver er ungur? Hvað er aldur? Þegar móðir mín hætti að vinna hjá útvarpinu, á tilskildum aldri, spurði hún hvar hann væri eiginlega þess helgi steinn sem henni væri ætlað að setjast í. Nú er hún að nálgast nírætt og ég held hún hafi ekki fundið hann enn vegna þess að hún er ekkert sérstaklega að leita að honum heldur enn að fylgjast með, sívakandi og síungum huga. Þessi helgi steinn – er hann í kirkjugarðinum? Eru þetta einhver björg sem fólk á að ganga inn í við starfslok? Á það þar með að slökkva á sér? Að hverfa inn í grjótið, lenda í steininum, helga steininum?

Ætli orðalagið vísi ekki til þess að á fyrri öldum gengu höfðingjar og vígamenn í klaustur þegar þeir voru orðnir þreyttir. Kannski voru þessi klaustur jafn miklar þrælakistur og okkur er sagt – eilíf bænagjörð og garðyrkjustörf frá morgni til kvölds og um miðjar nætur, eða kannski voru þetta þægilegir karlaklúbbar, nokkurs konar miðalda-rótarý, þar sem kallar gátu haft það notalegt við arineldinn yfir koníaksglasi eftir matinn og spjallað um keppni Sturlunga og Ásbirninga eins og þetta væri enska knattspyrnan milli þess sem þeir skrifuðu Njálu og slík rit en nunnuklaustrin staðir þar sem konur sátu við útsaum og ortu eddukvæði milli þess sem þær skrifuðu bækur eins og Laxdælu.

*Að iðja er að biðja*, sögðu benediktínarnir í klaustrunum á fyrri tíð, en í samfélaginu öllu á fyrri öldum má segja að mórallinn hafi verið: *strit er betra en vit*. Þessi mikla vinnusemi sem Íslendingar hafa gjarnan talið sig búa yfir átti sér að vísu sínar dökku hliðar; til dæmis er dugnaður ekki einhlítur mælikvarði á manngildi fólks eins og okkur hefur í gegnum tíðina stundum hætt til að álíta og við megum ekki meta manneskjurnar eingöngu eftir framlagi þeirra til vergrar þjóðarframleiðslu eða öllu heldur viðveru á vinnumarkaði – hversu lengi menn hanga í vinnunni, en það þykir mikil dyggð hér á landi að endast sem lengst á vinnustað sínum, burtséð frá því hverju komið er í verk. Fyrir vikið er eins og við vitum ekki alveg til hvers börn og gamalt fólk sé eiginlega.

Stundum láta Íslendingar eins og börn og gamalt fólk og aðrir þeir sem ekki eru virkir á vinnumarkaði eins og kallað er, séu fremur vandamál en verðmæti; fólk sem koma þurfi fyrir einhvers staðar og með einhverjum ráðum. Þar sem það er ekki fyrir vinnandi fólk.

Stundum virka almestu dugnaðarforkarnir á mig eins og fólk sem er beinlínis á harðahlaupum undan börnunum sínum og foreldrum sínum og sínu eigin lífi, þeir flýja inn í vinnuna sína til þess að þurfa ekki að takast á við eigið líf, þurfa ekki að hitta sjálfa sig.

Við tregum stundum það liðna samfélag þegar kynslóðirnar voru samvistum á stórbæjunum en þá verðum við að muna að meðferðin sem gamalt fólk og börn og eignaleysingjar máttu oft á tíðum þola var smánarblettur á samfélaginu.

Því nútímaþjóðfélag er alls ekki jafn ömurlegt og ætla mætti af því að fylgjast með þjóðfélagsumræðunni sem manni finnst stundum einkennast af því að rífa hár sitt og klæði á sem átakanlegastan hátt. Það er fjöldamargt gott við samfélagið, sem er reyndar ekki síst þeim að þakka sem nú eru aldrað fólk – við eigum kost á því að næra okkur og þroska okkur betur en obbi fólks á fyrri tíð; við getum haft félagsskap hvert af öðru í ríkara mæli í borgarsamfélaginu en áður tíðkaðist; innviðir eru allgóðir því ekki tókst að selja einkaaðilum allt á tombóluprís á bóluárnum; á boðstólum er eiginlega öll menning í heimi hafi einhver áhuga á að bera sig eftir henni – og sé með réttan hugbúnað – og þannig má lengi telja upp margvísleg lífsgæði sem okkur bjóðast. En okkur leiðist. Okkur hættir til að finnast við sjálfum okkur ónóg, að líf okkar skorti inntak og fyllingu, okkur finnst eins og við séum firrt. Við vinnum of mikið en gerum ekki nóg. Við bloggum of mikið en tölum ekki nóg saman. Við hittumst ekki nóg. Og þau sem við hittum eru of lík okkur. Þegar við hittum annað og öðrúvísi fólk virkjum við sofandi svæði í sjálfum okkur, kveikjum á hugbúnaði í okkur sem allir héldu að væri orðinn úreltur.

En fólk verður aldrei úrelt.

Þess vegna þarf að efla samneyti gamals fólks og unglunga, miðaldra fólks og barna, gamals fólks og miðaldra fólks, og svo framvegis. Kannski gerist þetta sjálfkrafa eftir nokkur ár þegar bensínverðið hefur knúið okkur öll til að fara að nota strætó aftur og þeir verða fullir af alls konar fólki í alls konar samskiptum. En þá verð ég orðinn gamall, sit við skrifborðið mitt og legg kapalinn minn, þann sama og í gær.